

Sp.

585. Fyrirspurn

[287. mál]

til landbúnaðarráðherra um kjarnfóðurgjald.

Frá Agli Jónssyni.

1. Hve hárrí upphæð nemur það gjald, sem lagt er á innflutt kjarnfóður samkv. bráðabirgðalögum frá 23/6 árið 1980, og hver er skipting þeirrar upphæðar eftir mánuðum?
2. Hversu mikið hefur innheimst af kjarnfóðurgjaldinu og hvernig skiptist það fjármagn eftir mánuðum?
3. Hvernig verður því fjármagni varið, sem fengist hefur með kjarnfóðurgjaldinu? Hve hárrí upphæð verður ráðstafað til hvers og eins sölufélags, einstakra búgreina eða tilgreindra verkefna?
4. Eru forsendur kjarnfóðurgjaldsins ekki brostnar ef svo fer fram sem horfir, að mjólkurframleiðslan verður minni en markaðspörf innanlands?
5. Er ekki óeðlilegt og beinlínis hættulegt að viðhalda kjarnfóðurskattinum eftir svo gjafafrekan vetur og tvisýnt útlit um fóðuröflun eftir einstaklega óhagstæða veðráttu í vetur?

Óskað er skriflegra svara.